

Mál nr. 4

Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Fram, Reykjavík gegn Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins ÍA, Akranesi

Kæra Fram

Knattspyrnudeild Fram vill leggja fram kæru vegna leiks Fram og ÍA í Íslandsmóti 2.flokks karla þann 12. ágúst 1999 kl. 19:00. Lokatölur leiksins voru 2-3.

Eins og fram kemur á afriti af leikskýrslu lék Almar Viðarsson, leikmaður nr. 11, kennitala 030981-5459, umræddan leik. Almar Viðarsson átti hins vegar að taka út leikbann í leiknum vegna 4 áminninga samkvæmt úrskurði aganefndar KSÍ á fundi nefndarinnar 3. ágúst 1999.

Knattspyrnudeild Fram byggir kæru sína á því að samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, gr. 4.4.1 er kveðið á um að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Krafa knattspyrnudeildar Fram er sú að Fram verði dæmdur sigur í viðureign Fram og ÍA í 2. flokki karla, þar sem ÍA mætti til leiks með ólöglega skipað lið.

Framlögð skjöl:

1. Kæru þessa.
2. Afrit leikskýrslu.
3. Úrskurður aganefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. knattspyrnudeildar Fram,
Gústaf Adolf Björnsson,
stjórnarmaður knattspyrnudeildar

Greinargerð Knattspyrnufélags ÍA

Af hálfu Knattspyrnufélags ÍA eru gerðar þær dómkröfur að Knattspyrnufélag ÍA verði sýknað af kröfum knattspyrnudeildar Knattspyrnufélagsins Fram, en til vara að leikur félaganna í 2. aldursflokki sem fram fór þann 12. ágúst s.l. verði leikinn að nýju.

Málavextir

Á fundi aganefndar KSÍ þann 3. ágúst s.l. voru þeir Almar Viðarsson og Baldur Ingi Aðalsteinsson, leikmenn í 2. flokki Knattspyrnufélags Akraness báðir dæmdir í eins leiks bann, Almar vegna fjögurra áminninga og Baldur vegna brottvísunar. Skeyti með niðurstöðu nefndarinnar var sent formanni Knattspyrnufélags ÍA að því er virðist þann 4. ágúst s.l. Formaður Knattspyrnufélagsins ÍA var á þeim tíma að heiman þannig að umrætt skeyti barst ekki skrifstofu félagsins þann dag. Þann 5. ágúst er skeytið sent símleiðis á skrifstofu Knattspyrnufélagsins ÍA, sama dag og 2. flokkur ÍA átti leik gegn Fylki á Akranesvelli. Skilningur þeirra, sem á móti símbrefinu tóku var sá að báðir leikmennirnir væru í leikbanni í þeim leik og var það m.a. byggt á upplýsingum, sem þjálfari 2. flokks fékk á skrifstofu KSÍ. ÍA og Fylkir voru á þeim

tíma í efstu sætum keppinnar í 2. flokki og lék hvorugur leikmannanna þann leik, enda litið svo á að þeir voru samkvæmt efni skeytis og upplýsingum frá KSÍ í leikbanni. Í leik þeim sem knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Fram hefur kært léku báðir umræddir leikmenn þar sem litið var svo á að þeir hefðu tekið út sitt leikbann í leiknum gegn Fylki.

Málsástæður

Grundvöllur þess að krafist er sýknu í málinu er að tilkynning aganefndar KSÍ, sem barst skrifstofu Knattspyrnufélags ÍA þann 5. ágúst tilgreinir ekki frá hvaða tíma leikbann viðkomandi leikmanna átti að taka gildi. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu KSÍ og samkvæmt efni tilkynningarinnar mátti lesa að leikmennirnir, (fylgiskjal 2), Baldur Ingi Aðalsteinsson og Almar Viðarsson hafi frá móttöku tilkynningarinnar verið settir í leikbann og því voru þeir ekki látnir leika gegn Fylki þann 5. ágúst s.l. Því er haldið fram að þrátt fyrir ákvæði greinar 4.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ um að úrskurðir aganefndar KSÍ skuli taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag eftir að úrskurður er kveðinn upp þá eigi að geta þess sérstaklega í þeirri tilkynningu sem send er viðkomandi aðilum. Þar sem ekki hafi verið getið um upphafstíma leikbanns Almars Viðarssonar hafi Knattspyrnufélagi ÍA hafi verið rétt að líta svo á að leikbannið tæki gildi þegar í stað við móttöku tilkynningar þar um.

Verði ekki fallist á sjónarmið Knattspyrnufélags ÍA varðandi framangreint þá er þess krafist að umræddur leikur verði leikinn að nýju. Grundvöllur þess er að augljóst er að um misskilning á tilkynningu frá aganefnd KSÍ er að ræða. Símtöl við skrifstofu KSÍ virðast hafa staðfest þennan misskilning og er ósanngjarnt að dæma umræddan leik Knattspyrnufélagi ÍA tapaðan. Öllum er ljóst að ekki var vísitandi verið að brjóta gegn lögum og reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót heldur verður fremur að líta á umrætt atvik sem óhapp, sem rekja verður til óskýrra skilaboða. Þeir tveir leikmenn 2. flokks Knattspyrnufélags ÍA, sem aganefnd úrskurðaði í leikbann á fundi sínum þann 3. ágúst tóku út leikbann sitt í leik gegn Fylki og er vakin athygli á mikilvægi þess leiks, en báðir leikmennirnir eru fastamenn í liði ÍA (fylgiskjal 1).

Þess er óskað að fulltúar Knattspyrnufélags ÍA fái tækifæri til þess að gera munnlega grein fyrir málinu.

Meðfylgjandi gögn:

1. Fylgiskjal 1, afrit af leikskýrslu leikja Knattspyrnufélags ÍA í 2. flokki karla.
2. Fylgiskjal 2, afrit af símskeyti frá aganefnd KSÍ.

Virðingarfyllst,
f.h. Knattspyrnufélags ÍA
Sæmundur Víglundsson

Úrskurður Héraðsdómstóls KRR

Ár 1999, mánudaginn 23. ágúst kom héraðsdómstóll KRR saman og kvað upp svohljóðandi dóm í málinu nr. 4/1999.

Málsatvik og málsástæður

Á fundi aganefndar þann 3. ágúst 1999 var leikmaður í 2. fl. karla í Knattspyrnufélaginu ÍA, Akranesi, Almar Björn Viðarsson kt: 030981-5459

úrskurðaður í eins leiks leikbann vegna fjögurra áminninga. Tók úrskurðurinn gildi á hádegi næsta föstudag þann 6. ágúst 1999. Næsti leikur ÍA eftir þann tíma var þann 12. ágúst 1999 gegn Knattspyrnufélaginu Fram. Framangreindur leikmaður lék hins vegar þann leik og kærði Knattspyrnufélagið Fram því leikinn með kæru dagsettri þann 13. ágúst og krafðist þess að áðurnefndur leikur yrði dæmdur tapaður ÍA með markatölunni 0-3.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð vegna málsins, en þar kemur fram að félagið krefst sýknu af kröfum Fram, en til vara að áðurnefndur leikur verði leikinn að nýju. Grundvöllur sýknikröfu ÍA er sá að skilningur félagsins hafi verið sá að leikmaðurinn Almar Björn Viðarsson hafi átt að taka út leikbannið í næsta leik eftir að félaginu barst tilkynning frá KSÍ um leikbannið, enda hafi ekki verið tilgreint í skeyti KSÍ að úrskurður aganefndar tæki gildi á hádegi föstudaginn 6. ágúst 1999. Af framangreindum sökum var leikmaðurinn Almar Björn Viðarsson ekki látinn leika leik félagsins í 2. flokki gegn Fylki sem fram fór þann 5. ágúst 1999.

Niðurstaða

Fulltrúi hins kærða félags hefur í greinargerð farið fram á að gera munnlega grein fyrir málinu. Samkvæmt 7. tl. 7. greinar í dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ er það aðalreglan að mál séu flutt skriflega fyrir dómstólum íþróttahreyfingarinnar. Öll málsatvik liggja fyrir og telur dómurinn því frekari málflutning ekki nauðsynlegan.

Í grein 4.4.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ kemur skýrt fram að úrskurðir aganefndar taka gildi kl.12.00 á hádegi næsta föstudag eftir úrskurð nefndarinnar. Ennfremur stendur orðrétt: “Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi, nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða“. Með hliðsjón af ofangreindu orðalagi og að hér var ekki um svonefnt sjálfkrafa leikbann að ræða telur dómurinn Knattspyrnufélagið ÍA, Akranesi, hafa tapað ofangreindum leik gegn Knattspyrnufélaginu Fram með markatölunni 0-3.

Samkvæmt grein 4.5.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ber Knattspyrnufélaginu ÍA að greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 5.000,-

Dómsorð

Leikurinn sá sem fram fór í 2. fl karla þann 12. ágúst milli Knattspyrnufélagsins Fram og Knattspyrnufélagsins ÍA, dæmist tapaður Knattspyrnufélaginu ÍA, Akranesi, með markatölunni 0-3.

Knattspyrnufélagið ÍA, Akranesi, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

Helgi Þorvaldsson,
Gunnar Guðmundsson,
Lúðvík Andreasson.